Fornleifarannsókn á þremur minjastöðum í landi Grafar og Hólms

vegna breikkunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi og austur að Hólmsá



Stefán Ólafsson

FS1070-23421

Fornleifastofnun Íslands ses

Reykjavík 2025

Forsíðumyndin sýnir grjótfóðraða gryfju sem kom í ljós þegar grafinn var skurður í tóft 213-42. Horft er til vesturs.

© Fornleifastofnun Íslands ses
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Veffang: fsi@fornleif.is

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: Verkefnið var unnið í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn var unnin 2023 og fékk rannsóknarnúmerið: 2023-0104. Seinni áfanginn var unninn 2025 og fékk rannsóknarnúmerið: 202504-0120

Þjóðminjasafnsnúmer: 2023-78 / 2025-16

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrslur: 213-42, 213-62 og 260-160 sjá: Anna Lísa Guðmundsdóttir (2010). Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá. Skýrsla nr. 152. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur; Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (2020). Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur af Hólmsá. Skýrsla nr. 207. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur; Ragnhildur Gunnarsdóttir (2022). Breikkun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrsla. Sýrsla nr. 1. Reykjavík: Efla Verkfræðistofa.

Stutt lýsing rannsóknar: Þrír minjastaðir voru rannsakaðir með könnunarskurði sem móvægisaðgerð að kröfu Minjastofnunar Íslands vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá vegamótum við Bæjarháls og að Hólmsá.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn.

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: Fornleifarnar voru enn til staðar þegar rannsókn lauk en munu víkja fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum.

Staðsetning: Gröf í Mosfellssveit, Hólmur í Seltjarnarneshreppi, Gullbringu og Kjósarsýsla.

GPS hnit: Rannsóknarsvæðin voru þrjú: 213-42: A368053 / N401822, 213-62: A367647 / N401678, 260-160: A364632 / N403520.

Rannsóknartími: 1. nóvember 2023 og 22. - 25. apríl 2025

Leyfishafi: Stefán Ólafsson

Fjöldi starfsmanna: 2

Efnisyfirlit


Inngangur 7
Markmið og framkvæmd 8
Aðferðafræði 8
Gripir 8
Jarðvegssýni 8
Rannsókn á þremur minjastöðum 9
Helstu niðurstöður 16
Heimildir 18
Viðaukar 19
Einingaskrá 20
Gripaskrá 22
Ljósmyndaskrá 24

Útdráttur
Fyrirhugað er að tvöfalda Suðurlandsveg frá vegamótum við Bæjarháls að Hólmsá ofan Reykjavíkur og munu þær framkvæmdir hafa mismikil áhrif á þær fornleifar sem eru í nágrenni núverandi vegar. Sem mótvægisaðgerðir við þessar framkvæmdir fór Minjastofnun Íslands fram á að tóft 260-160 í landi Grafar og minjastaðir 213-42 og 213-62 í landi Hólms yrðu rannsakaðir með könnunarskurðum. Markmiðið var að skera úr um aldur, eðli og umfang minjanna. Niðurstöður rannsóknar leiddi í ljós að talið var líklegt að tóft 260-160 í landi Grafar hefði verið nýtt sem heystæði, að minjastaður 213-62 væri samtíningur grjóts úr túni og að tóft 213-42 gæti hafa verið kjallarakompa húss sem aldrei var byggt eða jarðhús (e. dugout) tengt hersetu við Geitháls.


Lykilorð
Framkvæmdarannsókn, vegaframkvæmd, fornleifar, landbúnaðarminjar, herminjar, 18. - 19. öld, 20. öld, gjóska, Katla 1500, heystæði, grjóthrúga, túnhreinsun, húsgrunnur, kjallari, kompa, jarðhús, sorp,

Abstract
As a mitigation measure for proposed roadworks on Suðurlandsvegur from the Bæjaháls-junction to Hólmsá for these projects, the Icelandic Heritage Agency called for preliminary investigations of three sites, one on the farm of Gröf (260-160) and two on Hólmur (213-42 and 213-62), with the aim of determining the age, nature and extent of the archaeology at the sites. Trial trenches were excavated at all three sites. The results of the investigation revealed that the a turf-built structure at the Gröf site, 260-160 had most likely been used to store hay; that the stone cairn at site 213-62 was most likely the remains of field-clearing, and that the pit uncovered at site 213-42 may have been the proposed basement of a house that was never built or a dugout associated with a WW2 army camp at Geitháls.

Keywords
Development led research, roadworks, archaeology, agricultural site, militiary site, 18th-19th century, 20th century, tephra, Katla 1500, hey-storage, cairn, field-clearance, foundations, basement, pit-house, midden.



Mynd 1. Staðsetningarkort sem sýnir afstöðu milli rannsóknarsvæða og bæja sem getið er í skýrlunni. Afmörkun framkvæmdasvæðis er sýnd með rauðgulri brotalínu. Loftmyndin var tekin 1954.



Mynd 2. Hér á loftmynd frá 1954 má sjá afstöðu tóftar (sýnd með rauðu) og könnunarskurðar (sýndur með rauðgulu). Rauðgula brotalínan sýnir afmörkun framkvæmdasvæðis. Á innfelldu myndinni er horft yfir minjastað 260-160 við Rauðavatn snemma morguns í nóvember 2023 áður en rannsókn hófst.

Inngangur

Vegagerðin áformar í samvinnu við Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ að tvöfalda Suðurlandsveg frá vegamótum við Bæjarháls og að Hólmsá ofan Reykjavíkur.[1] Þessar framkvæmdir munu hafa áhrif á fjölda fornleifa sem eru í nágrenni núverandi vegar. Hluti af þeim mótvægisaðgerðum sem unnið hefur verið að í tengslum við þessa framkvæmd eru tvær fornleifaskráningarskýrslur unnar af Borgarsögusafni (áður Minjasafni Reykjavíkur) og gefnar út 2010 og 2020.[2] Árið 2022 gaf Verkfræðistofan Efla svo út matsskýrslu þar sem fjallað er um mögulegar mótvægisaðgerðir sem tóku mið af áður nefndum fornleifaskráningum.[3] Framkvæmdin var metin af Skipulagsstofnun háð umhverfismati og sendi hana til umsagnar til Minjastofnunar Íslands.[4] Í kjölfarið ályktaði Minjastofnun Íslands, út frá áðurnefndum skýrslum, um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir. Hluti af þeim mótvægisaðgerðum var að athuga þrjá minjastaði, tóft 260-160 í landi Grafar og tóftir 213-42 og 213-62 í landi Hólms, með könnunarskurðum.[5] Vegagerðin hafði samband við Fornleifastofnun Íslands ses haustið 2023 og óskaði eftir því að stofnunin tæki að sér rannsóknir á umræddum minjum. Verkefnið var unnið í tveimur verkhlutum og var fyrri áfanginn unninn 1. nóvember 2023 en seinni áfanginn 22.-25. apríl 2025. Að verkinu komu Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir og Stefán Ólafsson sem einnig var leyfishafi og sá um úrvinnslu og skýrsluskrif.


1 Ragnhildur Gunnarsdóttir (2022), bls. 3.
2 Anna Lísa Guðmundsdóttir (2010), Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (2020).
3 Ragnhildur Gunnarsdóttir (2022).
4 MÍ202204-0117/6.07/ K.M.
5 MÍ202204-0117/6.07/ K.M.

Markmið og framkvæmd

Samkvæmt kröfu Minjastofnunar voru grafnir þrír könnunarskurðir í jafn marga minjastaði og átti hver könnunarskurður að ná frá miðri tóft og út í gegnum vegg hennar. Tilgangur skurðanna var að skera úr um aldur, eðli og umfang minjanna.[6] Skurðirnir voru grafnir með vélgröfu, snið hreinsuð og skráð til ljósmyndatöku og teikningu. Gjóskur fundust í öllum skurðum og var greind á staðnum en sýni tekið til öryggis og borið undir sérfræðinga. Að lokinni skráningu voru skurðirnir fylltir aftur með vélgröfu.

Aðferðafræði (snið)

Sniðteikningar er skráningaraðferð sem er notuð þegar mannvistarlög eru skráð í sniðum könnunarskurða eða rofbakka sem hafa verið hreinsuð með handverkfærum. Sniðteikning getur sýnt eina eða fleiri hliðar viðkomandi rannsóknarstaðs. Sniðteikningin sýnir númeruð jarðlög (einingar) og fylgir skráning þeirra svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands. Aðferðin felur í sér að hugsað er um hvert jarðlag/mannvistarlag (t.d. holu, gröf, eða byggingahluta) í könnunarskurðinum sem einstakan atburð (einingu). Hver eining er skráð með númeri sem er einstakt innan hvers rannsóknarsvæðis og samhengið á milli skáðra eininga er sýnt á sniðteikningu.[7]



Mynd 3. Hér er sýnt hvernig upplýsingar um jarðlög er settar fram í sniðteikningu og flæðiriti.

Gripir.

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a. gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru einninganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.[8] Fjallað verður um þá gripi sem komu í ljós í umfjöllun hvers minjastaðar. Við lok rannsóknar var öllum gripum fargað að undanskildum leirkersbrotum með fundarnúmerið 2025-15-11.

Jarðvegssýni

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd einninganúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.). Þrjú gjósku sýni voru tekin og var annað skoðað af Magnúsi Á. Sigurgeirssyni og hin af Sólveigu Guðmundsdóttur Beck. Nákvæm efnagreining var ekki gerð.

6 MÍ202204-0117/6.07/ K.M.
7 Lucas 2003.
8 Lucas 2003.

Rannsókn á þremur minjastöðum

Gröf og Hólmur

Eins og áður hefur komið fram tilheyra minjastaðirnir sem hér verður fjallað um tveimur jörðum, Gröf (GK-260) í Mosfellssveit og Hólmi (GK-213) í Seltjarnaneshreppi.[9] Jörðin Gröf (181179 260)[10] var í Kjósarsýslu, Mosfellssveit og Gufunessókn og er hennar fyrst getið í máldaga Maríukirkju á Bessastöðum sem mun vera frá 1352.[11] Gröf hefur verið landstór jörð en dýrleiki hennar er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls[12] en 1847 er hún metin 20 hundurð.[13] Þegar bærinn var fluttur 1907 var skipt um heiti á jörðinni og hún nefnd Grafarholt.[14] Árið 1943 var Grafarholt lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur[15] og svo var meginhluti hennar tekinn eignarnámi 1944.[16] Hólmur (181149 213)[17] var aftur á móti í Gullbringusýslu, Seltjarnaneshreppi og Reykjavíkursókn. Hólms er fyrst getið í jarðaskár Viðeyjarklausturs 1395 og er þar metin á 30 hundurð.[18] Hólmur var einnig lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 1943.[19]




Mynd 4. Á ljósmyndinni sést norðursnið austurveggjar tóftar 260-160. Torfhlaðinn veggurinn sést fyrir miðri mynd. Myndin er samsett.

Minjastaður 260-160 í landi Grafar

Tóft sem hefur auðkennið 260-160 í skráningarskýrslu Minjasafns Reykjavíkur[20] er austan Suðurlandsvegar, við vesturströnd Rauðavatns. Hún er á litlu nesi sunnan Sandvíkur, milli reiðvegar og göngustígs. Í skráningarskýrslu Minjasafns Reykjavíkur kemur fram að tóftin sé í landi Grafar sem þýðir að tóftin er um 2,6 km sunnan við bæjarhól Grarfar. Samkvæmt kröfu Minjastofnunar var grafinn könnunarskurður í tóftina og var hann 4,7 m að lengd og um 1 m á breidd. Hann var grafinn í gegnum austurvegg tóftarinnar og var norðursnið hans teiknað. Neðst í skurðinum voru sjö óhreyfð jarðlög [110], [009], [008], [007], [006], [005] og [004].

9 Númerin aftan við jarðarheitin vísa til skráningarnúmer jarðanna í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands, Ísleifu
10 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (2020),bls. 9.
11 Íslenskt fornbréfasafn, bindi III, bls. 69
12 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1923-1924), bls. 295 .
13 J. Johnsen (1847), bls. 96
14 Páll Líndal (1986), bls. 160
15 Lög nr. 52/1943
16 Páll Líndal (1986), bls. 161
17 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (2020), bls. 45
18 Íslenskt fornbréfasafn, bindi III, bls. 598
19 Lög nr. 52/1943
20 Anna Lísa Guðmundsdóttir (2010), bls. 19, sjá einnig Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (2020), bls. 34



Mynd 5. Teikning af norðursniði skurðar sem grafinn var í gegnum austurvegg tóftar 260-160. Torfveggurinn [003] er sýndur með gráum tóni. Kötlugjóskan [006] sem er frá 1500 er sýnd með örlítið þykkri svartri línu.



Mynd 6. Rannsóknin á minjastað 260-16 í landi Grafar var unnin í stilltu veðri og vetrarsól 2. nóvember 2023.

Neðst þeirra var grátt jarðlag [010] sem einkenndist af jökulleir með möl og smáu grjóti. Þar ofan á var sendið jarðlag [009] og ofan á því voru þrjú vindblásin rauðbrún eða millibrún jarðlög [005], [008] og [007]. Af þessum þremur var jarðlag [005] neðst og var það nokkuð rauðleitt en efst jarðlag [007] sem í var vottur af hreyfingu sem mun að öllum líkindum vera tilkomin af náttúrulegum völdum. Sennilega ummerki eftir rof á svæðinu. Ofan á jarðlagi [007] var þunnt gjóskulag [006] sem mun vera frá Kötlu 1500.[21] Ofan á gjóskulagi [006] var frekar lítið vindblásið jarðlag [004] og var vegghleðsla [003] hlaðin ofaná það. Vegghleðsla [003] var um 110 cm að breidd og 25-35 cm að hæð og var hún hlaðin úr mjög einsleitu torfi. Mögulega mátti greina 3 til 4 umför af streng henni og sást Kötlugjóskan í efsta og neðsta umfari vegghleðslunnar. Yfir vegghleðslunni var vindblásið dökkbrúnt jarðlag [002] með torfsnepplum í og efst var svo lífhreyft yfirborðsjarðlag með grasrót efst [001]. Neðst var áberandi grátt og gróft jarðlag sem einkendist af jökulleir og ruðningi. Engir gripir fundust í tengslum við þessa tóft.

Minjastaður 213-62 í landi Hólms

Grjóthrúga er í sléttuðu túni um 20 m sunnan Suðurlandsvegar og um 310 m aust-norðaustan við bæjarhól Hólms. Hún, um 13x7 m að stærð og snýr vest-norðvestur og aust-suðaustur. Í henni miðri vex eitt birkitré. Í skráningarskýrslu Minjasafns Reykjavíkur er talið að hún sé tilkomin vegna grjóthreinsunar á nærliggjandi túni[22] en í matskýrslu Eflu sem byggir á yngri fornleifaskráningu frá 2020 er bætt við þeim möguleika að ekki sé hægt að útiloka að tóft gæti verið undir grjóthrúgunni.[23] Um 7 m langur skurður var grafinn með vélgröfu þvert á grjóthrúguna frá norðri til suðurs og var hann um 1 m á breidd. Hann var grafinn alveg niður á klöpp og varð 40-85 cm djúpur. Í honum mátti greina þrjú jarðlög en þau voru einungis skráð

21 Sýni var tekið úr gjóskunni og það greint af Magnúsi Á. Sigurgeirssyni gjóskulagafræðingi.
22 Anna Lísa Guðmundsdóttir (2010), bls 31.
23 Ragnhildur Gunnarsdóttir (2022), bls. 138.



Mynd 7. Hér á loftmynd frá 1954 má sjá afstöðu tóftar (sýnd með rauðu) og könnunarskurðar (sýndur með rauðgulu). Á innfelldu myndinni er horft yfir minjastað 213-62 áður en rannsókn hófst.

með ljósmyndum en ekki teikningu. Neðst, ofan á klöppinni var þéttur óhreyfður millibrúnn jarðvegur, örlítið gulur alveg neðst við klöppina. Í þessu jarðlagi sást stutt gjóskulinsa frá Kötlu 1500 í lítilli gjótu eða sprungu á klöppinni.[24] Þar ofan á var millibrúnn einsleitur jarðvegur sem var laus í sér. Í þessu jarðlagi var hluti af grjóthrúgunni og nokkrir gripir sem ætla má að tilheyri 20. öldinni. Sjálf grjóthrúgan myndaði svo þriðja jarðlagið. Allt bendir til þess að hrúgan hafi orðið til við túnhreinsun og þá fundust engin ummerki eftir eldri mannvirki undir grjóthrúgunni. Hugsanlega hefur klöppin staðið upp úr sverði þegar byrjað var að safna grjóti að henni. Við það hefur jarðvegur safnast að henni og hún gróið. Út frá Kötlugjóskunni mun samtíningurinn á grjótinu vera töluvert yngri en hún og styðja gripirnir sem fundust það líka. Ekki komu margir gripir í ljós við rannsóknina og var megnið af þeim hirt til frekari skráningar en að rannsókn lokinni verður þeim fargað. Í gripasafninu var til að mynda steypt stétt, einangrunarplast, partur af plastábreiðu, fata úr járni ásamt fleiri hlutum úr járni. Allir munu þessir gripir vera frá 20. öld.



Mynd 8. Það reyndist vera frekar grunnt niður á klöppina.

24 Gjóskan var einungis metin á staðnum en engu að síður var sýni tekið.



Mynd 9. Hluti af gripasafninu sem kom í ljós við rannsóknina á minjastað 213-62.

Minjastaður 213-42 í landi Hólms


Tóft er í svonefndri Grjótlág, um 250 m norðan við Suðurlandsveg og tæplega 90 m sunnan við Nesjavallaleið. Hún er talin hafa tengst búskap í Vilborgarkoti sem er „Forn eyðijörð, og hefur í eyði legið fram yfir allra þeirra manna minni, sem nú eru á lífi [19. júní 1704].“[25] Þrátt fyrir að hafa verið svona lengi í eyði þá virðist það byggjast upp aftur einhvern tímann á milli 1860-1870[26] en fer svo aftur í eyði 1907 þegar nýbýlið Geithála er byggt á jörðinni.[27] Samkvæmt fornleifaskráningu er tóftin talin hafa verið geitakofi[28] og byggir það mat á ritaðri heimild sem áhugamenn um svæðið rituðu 1986.[29]

Tóftin er um 1,7 km vest-norðvestan við bæjarhól Vilborgarkots og í fornleifaskránni er henni lýst svona: „Rústin er 6,8 x 4,7 m að stærð og liggur í norðaustur-suðvestur og hugsanlega dyr á suðausturgafli. Hleðsluhæð er um 1 m og greinileg fjögur steinalög. Rústin er mjög heilleg.“[30] Trjágróður og lúpína hefur vaxið mikið á svæðinu frá skráningu 2010.

Grafinn var skurður þvert á tóftina sem var 14,6 m að lengd og 1 m



Mynd 10. Horft yfir minjastað 213-42 áður en rannsókn hófst. Ljósmyndastikurnar sýna hvar skurðurinn var grafinn.

25 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, bls 287.
26 http://www.manntal.is
27 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir frá 2020, bls. 89.
28 Anna Lísa Guðmundsdóttir (2010), bls. 27; Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir frá 2020, bls. 58.
29 Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson 1986, bls 210.
30 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir frá 2020, bls. 58.



Mynd 11. Sniðteikning af vestursniði skurðar sem grafinn var þvert í gegnum minjastað 213-42. Upphaflega hafði hann verið skráður sem geitakofi en líklegra er að hann hafi tengst hernaðarumsvifum sem voru á svæðinu á fyrri helmingi 20. aldar.

að breidd. Allt vestursnið hans var teiknað og hluti af austursniði hans sökum þess að í því sást gjóskulinsa sem ekki var til staðar í vestursniðinu. Í sniði skurðarins mátti sjá að grafinn hafði verið 186 cm breiður og 196 cm djúpur skurður [307] í gegnum dökkbrún og lífhreyfð jarðlög [305 og 310] og óhreyft lagskipt jarðlag [315]. Jarðlög [305 og 310] eru í raun eitt og sama jarðlagið sem var dökkbrúnt og laust í sér. Hugsanlega var þetta uppmokaður jarðvegur úr gryfjunni en líka er mögulegt að um eldra yfirborð hafi verið að ræða. Neðst í jarðlagi [315] var 30-50 cm þykkt leirlag, mjög líklega jökulleir. Á bakka gryfjunnar að norðan og sunnanverðu höfðu verið hlaðnir torfveggir [304 og 309]. Þessir tveir torfveggir munu að öllum líkindum vera hluti af vegghleðslu sem hlaðin hefur verið umhverfis alla gryfjuna. Nyrðri veggurinn [304] var hlaðinn úr streng, um 80 cm á breidd og 18 cm á hæð. Jarðvegurinn í strengnum var einkenna lítill og ómögulegt að greina fjölda strengja. Syðri veggurinn [309] var einnig strenghlaðinn, um 130 cm breiður neðst en um 60 cm efst. Hann var um 28 cm á hæð. Eins og í torfvegg [304] var jarðvegurinn í torfvegg [309] einnig einsleitur en þó mátti greina í honum rauðbrúnann fíngerðann jarðveg og ljósgrá leirlög og er möguleiki að strengirnir hafi verið þrír. Gryfjan hafði verið fóðruð með grjóthleðslum [306 og 308] og náðu þær alveg frá botni gryfjunnar að efri brún torfveggja [304 og 309]. Grjótið í þeim var ekki tilhoggið, en greinilegt var að reynt hafði verið að velja til þess að gera flatt og álíka stórt grjót. Grjóthleðslan var einföld, stórt grjót neðst og aðeins smærra efst. Í báðum grjóthleðslunum [306 og 308] var hægt að telja um 10 umför en syðri hleðslan var töluvert signari en nyrðri hleðslan. Halda skal því líka til haga að þegar vélgrafan gróf könnunarskurðinn höfðu framkvæmdirnar töluverð áhrif á grjóthleðsluna og því vantar víða hleðslugrót í sniðteikninguna þar sem það hafði hrunið þegar skurðurinn var grafinn. Norðan og sunnan við gryfju [307] voru ummerki eftir tvo mögulega skurði [312 og 317]. Sá nyrðri [317] var um 3,4 m norðan við nyrðri mörk gryfju



Mynd 12. Hluti af austursniði skurðar sem grafinn var þvert í gegnum minjastað 213-42. Í austursniðinu mátti sjá gjósku [324] frá Kötlu sem féll um 1500.



Mynd 13. Horft ofan í grjótfóðraða gryfjuna sem er full af alls kyns rusli. Yfir ruslinu voru bárujárnsplötur og yfir þær var kominn gróðurþekja.

[307] en syðri skurðurinn var 3,7 m sunnan við syðri mörk gryfju [307]. Þó að skurðir þessir hafi verið frekar óverulegir, sá nyrðri [317] var 12 cm á dýpt en sá syðri var einungis 8 cm að dýpt, er freistandi að draga þá ályktun af þeim að þeir hafi átt að marka einhvers konar útlínur. Í skurði [312] var leir og malarblandað jarðlag [311] og í skurði [317] var moldarblandaður jökulleir [318]. Hugsanlega hafa þessi jarðlög [331, 318] verið sett þarna sem einhvers konar jöfnunarlög.



Mynd 14. Staðarvísir sem á stendur Mánahlíð. Bærinn farinn en skiltið stendur enn þótt að það sé orðið máð.

Neðst í gryfju [307] var mjög þéttur og rakur jarðvegur, lyktarlaus. Hugsanlega vindblásið jarðveguppsöfnunarlag sem safnast hafði í gryfjuna meðan hún stóð opin. Ofan á þess jarðlagi var mjög stórt ruslalag [313] og bar það vitni um að gryfjan hafið verið nýtt sem ruslagryfja. Samsetning ruslsins var áberandi fjölbreytt eða allt frá vélarpörtum úr bifreiðum, dráttarvélum og heyvinnutækjum til innanhúss festinga, umbúða undan mat og snyrtivörum til búsáhalda. Áberndi lítill hluti ruslsins var matarúrgangur þó að hann væri til staðar. Gryfjan virðist því ekki hafa verið nýtt undir almennt sorp. Efst í ruslahaugnum voru bárujárnsplötur sem greinilega höfðu verið settar þar til að fergja hauginn og loka gryfjunni. Norðan við torfvegg [304] voru tvö torfshrunlög [303



Mynd 15. Úrval gripa sem hirtir voru sem sýnishorn við rannsóknina til að sýna fjölbreytileika þeirra og sem vitnisburð um það tímabil þegar gryfjan var nýtt sem ruslagryfja.

og 302] sem munu vera torfhrun frá vegg [304]. Öll ofantalin jarðlög voru svo innsigluð af grösugu yfirborðslagi [301]. Mikið magn gripa kom í ljós en einungis var brot af þeim hirt sem dæmi um fjölbreytileika safnsins og til aldursgreiningar.

Gjóskulag frá Kötlu 1500[31] [324] sem sást í austursniðinu (sjá mynd 12) var undir jarðlagi [323] sem var sama eða sambærilegt og jarðlög [305] og [310] sem skráð voru í vestursniðinu (sjá mynd 11).

31 Gjóskan var einungis metin á staðnum en engu að síður var sýni tekið.



Mynd 16. Myndin hér að ofan er samsett úr tveimur loftmyndum, önnur frá 1954 en hin frá 2023. Loftmyndin frá 1954 er svart-hvít og á henni má sjá hvar húsin í Mánahlíð standa enn. Vestan við þau eru svo hús sem engar upplýsingar fengust um þegar unnið var að þessu verkefni. Suðvestan við þessu óþekktu hús er svo tóftin sem talið var að væri geitakofi (213-42) en reyndist vera grjótfóðruð gryfja. Uppmælingar tóftarinnar eru sýndar með rauðum lit en könnunarskurðurinn með rauðgulum lit.

Helstu niðurstöður

Í skýrslunni er fjallað um þrjá minjastaði sem rannsakaðir voru með könnunarskurði í tengslum við tvöföldun Suðurlandsvegar en markmið rannsókna var að skera úr um eðli þeirra og umfang. Tveir minjastaðir tengdust landbúnaði, var annar þeirra í landi Grafar (260-160) en hinn í landi Hólms (213-62) en sá þriðji (213-42) sem einnig var í landi Hólms tengdist annað hvort frístundabyggð eða hersetu.

Tóft 260-160 sem rannsökuð var í landi Grafar hafði hógværar vegghleðslur sem voru einungis torfhlaðnar. Í henni fundust engin gólflög og ekkert sem gaf skýra vísbendingu um hlutverk hennar. Ekki var heldur hægt að greina nein merki um endurbyggingu. Gjóska sem fannst í sniðinu sýnir að hún var hlaðin nokkru eftir 1500. Á loftmyndum frá því um miðja 20. öld má sjá að grösugt hefur verið umhverfis tóftina og líkast til góð slægjulönd. Lag og gerð tóftar, ásamt vísbendingum um umhverfi benda helst til að hún hafi verið heystæði. Nú hefur töluverð byggð risið á þessu svæði. Ekki er ljóst hvort hún hafi verið lengi í notkun. Þó að veggjagerðin sé hógvær þá er hún vandaðri en vegghleðslur margra þeirra heytófta sem munu vera hvað yngstar og er freistandi að álykta að tóftin sé ekki frá allra síðustu öldum heldur hugsanlega frá 17.-18. öld.

Minjastaður 213-62 í landi Hólms var grjóthrúga sem varð til við túnhreinsun. Talið var mögulegt að undir grjóthrúgunni gæti verið tóft en svo reyndist ekki vera. Undir grjóthrúgunni reyndist vera mjög grunnt niður á klöpp (sjá mynd 8).

Þriðji minjastaðurinn 213-42 sem var rannsakaður var einnig í landi Hólms. Upphaf-

lega var talið að um geitakofa gæti verið að ræða[32] en við rannsóknina á honum kom í ljós að um var að ræða grjótfóðraða gryfju sem var um 186 cm breið og 196 cm djúp. Umhverfis gryfjuna hafði verið hlaðinn lágur torfveggur. Ekkert greinilegt op var á tóftinni eða inngangur og því hefur þurft að nota stiga til að komast niður í gryfjuna.

Einn möguleiki er að þessi grjótfóðraða gryfja hafi átt að vera lítil kjallarakompa undir húsi sem aldrei var byggt, því ekkert bendir til þess að hús hafi nokkurn tímann staðið á svæðinu. Það er þó ekki óhugsandi að það hafi staðið til þó ekki hafi orðið af því. Litlar kjallarkompur undir hluta húss voru algengar í byrjun 20. aldar og voru nýttar sem geymslur og kyndiklefar. Hugmyndin er ekki alveg gripin úr lausu lofti því það er vitað að í nágrenninu risu sumarhús[33] eins og sést á loftmynd sem tekin var 1954 en á henni sjást tvö hús sem eru um 25m aust-norðaustan við gryfjuna og gætu þau hafa verið sumarhús (sjá mynd 16). Lítið sem ekkert er vitað um þessi hús og er þeirra ekki getið í fornleifaskráningarskýrslunum. Það sem mælir helst gegn þessari tillögu er að torfhlaðinn veggur lá meðfram allri gryfjunni en erfitt er að túlka hlutverk hans með góðu móti. Hann hefði þá að öllum líkindum lent undir húsinu. Annar möguleiki er að minjarnar tengist hernum. Á svæðinu voru nokkrir kampar sem hétu nöfnum eins og Camp Geitháls Dump, Camp Phinney og Camp Swansea. Umrædd tóft er á milli þeirra svæða sem Camp Geitháls Dump og Camp Phinney stóðu á, og hefur því mögulega tengst öðrum hvorum kampnum. Það er því hugsanlega líklegri kenning að grjótfóðraða gryfjan hafi verið jarðhús eða „dugout“ eins og þau voru kölluð.[34] Slík mannvirki voru notuð sem skýli fyrir hermenn meðan annað betra var ekki til staðar. Hugsanlega hefur þetta líka verið notað sem geymsla á vegum hersins. Hvort sem um húsgrunn var að ræða eða jarðhús frá seinni heimsstyrjöld má fastlega gera ráð fyri því að gripasafnið sem fannst í gryfjunni tengist upphaflegu hlutverki hennar ekki. Jarðlag [316] sem fannst neðst í gryfjunni bendir til þess að gryfjan hafi staðið opin í nokkurn tíma áður en farið var að bera í hana rusl. Sé það rétt að gryfjan hafi verið jarðhús frá hernum má hugsanlega gera ráð fyrir því að ruslið gæti hafa komið frá meintri sumarhúsabyggð sem getið var um hér að ofan eða frá ábúðinni á Mánahlíð sem var um 50 m austan við gryfjuna (sjá mynd 16).

32 Anna Lísa Guðmundsdóttir (2010), bls. 27; Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir frá 2020, bls. 58.

33 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (2020), bls. 47.

34 The Fifth Infantry Division in the ETO + Iceland, England, Ireland, France, Germany, Luxembourg, Czechoslavakia, Austria,“ (1945), bls. 60.

Heimildir

Anna Lísa Guðmundsdóttir (2010). *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá.* Skýrsla nr. 152. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur.

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir (2020). *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur af Hólmsá.* Skýrsla nr. 207. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur.

http://www.manntal.is. Þjóðskjalasafn Íslands. Manntalsvefur. Sótt af https://manntal.is/leit/Vilborgarkot/1850,1855,1860,1870,1880,1890/1/1870 16. oktober 2025

Íslenzkt fornbréfasafn (1896). III Bindi (1269-1415). Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835–1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1923– 1924). III. bindi, Gullbringu- og Kjósarsýsla, 2. útg. [ljósprentun]. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka fræðafélag.

Lucas (2003). Archaeological field manual. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Lög nr. 52/1943. Sótt af slóð: https://www.althingi.is/lagas/nuna/1943052.html 27. október 2025

MÍ202204-0117/6.07/ K.M. Bréf Minjastofnunnar Íslands, 28. apríl 2021. MÍ202204-0117/6.07/ K.M. Efni: Breikkun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Reykjavík: Minjastofnun Íslands

Páll Líndal (1986). *Reykjavík: Sögustaður við Sund.* A-G. 1. bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Páll Líndal (1987). *Reykjavík: Sögustaður við Sund.* H-P. 2. bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Ragnhildur Gunnarsdóttir (2022). *Breikkun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Mat á umhverfisáhrifum - Matsskýrsla.* Sýrsla nr. 1. Reykjavík: Efla Verkfræðistofa.

The Fifth Infantry Division in the ETO + Iceland, England, Ireland, France, Germany, Luxembourg, Czechoslavakia, Austria, (1945). Atlanta: Fifth Division Historical Section, Headquarters Fifth Division. Sótt 27. okt. 2025 af slóð: https://worldwartwoveterans.org/wp-content/uploads/2020/05/5th-ID-Part-1-wm.pdf

Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson (1986). „Riðið að Hólma og að Geithálsi“. *Áfangar. Ferðahandbók hestamanna.* Safnrit ferðanefndar hestamannafélaga. Reykjavík: Sigurður Ragnarsson og Hákon Hákonarson, bls. 204-213.

Viðaukar

Einingaskrá

Eining	Svæði	Tegund	Lýsing	Dags.	ID
001	Toft_260_160	J (D)	Yfirborð, dökkbrúnt og lífhreyft jarðlag gróið lyngi.	01,11,2023	SÓ
002	Toft_260_160	J (D)	Vindblásið jarðlag með smávegis torfsnepplum. Það var dökkleitt eða millibrúnt og í því vottaði fyrir kolaögnum.	01,11,2023	SÓ
003	Toft_260_160	J (D)	Torfveggur, torfið óljóst og einsleitt en hugsanlega má áætla að um 3-4 umför af sterng séu í vegghleðslunni. Í efsta og neðsta torfinu mátti sjá gjósku.	01,11,2023	SÓ
004	Toft_260_160	J (D)	Millibrúnt og einsleitt viðblásið jarðvegsuppsöfnunarlag sem safnast hefur upp að stóru grjóti sem grafið var í burtu af gröfu.	01,11,2023	SÓ
005	Toft_260_160	J (D)	Rauðbrúnt vindblásið og sandblandað jarðvegsuppsöfnunarlag. Vestast í sniðinu var það lítið sandblandað en eftir því sem austar dró varð það alltaf sandblandaðra. Austast var það nokkuð lagskipt næst stóru grjóti sem grafið hafið verið í burtu af gröfu.	01,11,2023	SÓ
006	Toft_260_160	J (D)	Gjóskuslitrur frá Kötlu 1500.	01,11,2023	SÓ
007	Toft_260_160	J (D)	Millibrúnt og vindblásið uppsöfnunarjarðlag með mjög dökkum og mjúkum linsum sem eru hugsanlegar uppblásturstorfur og því líklega ummerki um rof á svæðinu.	01,11,2023	SÓ
008	Toft_260_160	J (D)	Einsleitt millibrúnt vindblásið uppsöfnunarjarðlag	01,11,2023	SÓ
009	Toft_260_160	J (D)	Sandlag sem er dökkgrátt neðst en er blandað moldarjarðvegi eftir því sem ofar dregur og verður að sama skapi brúnna.	01,11,2023	SÓ
010	Toft_260_160	J (D)	Ljósgrátt jarðlag, möl grjót og jökulleir.	01,11,2023	SÓ
301	Toft_213_42	J (D)	Yfirborð, vaxið lynggróðri, kjarri og einir. Jarðvegurinn er dökkbrúnn og laus í sér.	23,04,2025	SÓ
302	Toft_213_42	J (D)	Torfhrun úr vegg [304], rauðgult jarðefni.	23,04,2025	SÓ
303	Toft_213_42	J (D)	Torfhrun úr vegg [304]. Sama eða sambærilegt og [302].	23,04,2025	SÓ
304	Toft_213_42	J (D)	Torfhlaðinn veggur. Hann er hlaðinn úr streng og er um 80cm á breidd og 18cm á hæð. Jarðvegurinn í strengnum er einkenna lítill en þó má greina í honum rauðleita mold og grárleitan leir. Erfitt er þó að átta sig á fjölda strengja.	23,04,2025	SÓ
305	Toft_213_42	J (D)	Dökkbrúnt jarðlag, lífhreyft og laust í sér. Hugsanlega eldra yfirborð eða leifar af uppmokuðum jarðvegi þegar gryfjan var grafin.	23,04,2025	SÓ
306	Toft_213_42	J (D)	Grjóthlaðin fóðring við nyrðrimörk kjallaragryfju [307]. Á milli hleiðslugrjótsins er rauðleitur / millibrúnn jarðvegur. Víða vantar í hleðsluna vegna þess að þegar skurðurinn var vélgrafinn hrundi grjót úr henni. Umför gætu hafa um 10 talsins. Jarðvegurinn milli hleðslugrjóts er þéttur.	23,04,2025	SÓ
307	Toft_213_42	S (C)	Kjallaragryja sem er um 2m djúp og tæplega 190cm að breidd. Hún hefur verið grafin um 70cm niður í jökulleir. Í hana hafi verið safnað rusli [313].	23,04,2025	SÓ
308	Toft_213_42	J (D)	Grjóthlaðin fóðring við syðrimörk kjallaragryfju [307]. Grjóthleðslan hefur væntanlega verði hlaðin umhverfis alla gryfjuna og því er umrædd hleðsla sama eða sambærilegt og grjóthleðsla [306]. Hér virðist hún þó vera að hluta tvöföld sem gæti verið merki um hrun. Það sést þó ekki vel í sniðinu. Í sniðinu má telja um 10 umför af hleðslugrjóti.	23,04,2025	SÓ
309	Toft_213_42	J (D)	Torfhlaðinn veggur. Hann er hlaðinn úr streng og er um 130cm breiður neðst en um 60cm efst. Hann er um 28cm á hæð. Jarðvegurinn í strengnum er frekar einsleitur en þó má greina í honum rauðbrúna fíngerða méla og ljósgráan leir. Erfitt er að greina fjölda strengja en þó er möguleiki að þeir hafi verið um þrír.	23,04,2025	SÓ
310	Toft_213_42	J (D)	Sama eða sambærilegt og [305].	23,04,2025	SÓ
311	Toft_213_42	J (D)	Leir og malarblandað jarðlag sem gæti hafa átt að vera einhvers konar jöfnunarlag framan / sunnan við gryfju. Ekki er þó hægt að útiloka að jarðlagið séu leifar af uppmokstri úr gryfju [307].	23,04,2025	SÓ
312	Toft_213_42	S (C)	Hugsanlega skurður fyrir jöfnunarlag [311].	23,04,2025	SÓ
313	Toft_213_42	J (D)	Ruslalag í gryfju [307]. Efst voru bárujárnsplötur en undir þeim var mikið samsafn af alls konar ónýtu dóti. Hluti af því var hirt sem sýnishorn. Sá hluti af rusli sem sást í prufuskurðinum sýndi að gryfjan hafði ekki verið nýtt til að henda matarúrgangi því mjög lítið fannst af slíkum leifum en þess meira var af alls konar hlutum. Gryfjan virtist því ekki vera nýtt undir almennt sorp.	23,04,2025	SÓ

Eining	Svæði	Tegund	Lýsing	Dags.	ID
314	Toft_213_42	J (D)	Óhreyft lagskip jarðlag. Neðsti hluti þess er 30-50cm þykkt leirlag (jökulleir).	23,04,2025	SÓ
315	Toft_213_42	J (D)	Sama og [314].	23,04,2025	SÓ
316	Toft_213_42	J (D)	Mjög þéttur og rakur jarðvegur, lyktarlaus. Hugsanlega vindblásð jarðveguppsöfnunarlag sem safnast hafði í gryfjuna áður en byrjað var að nota hana undir rusl.	23,04,2025	SÓ
317	Toft_213_42	S (C)	Skurður til að jafna yfirborð.	23,04,2025	SÓ
318	Toft_213_42	J (D)	Moldarblandaður jökulleir. Mögulega jöfnunarlag eða leifar uppmoksturs úr gryfju [307].	23,04,2025	SÓ
319	Toft_213_42	J (D)	Sama eða sambærilegt og [301].	23,04,2025	SÓ
320	Toft_213_42	J (D)	Torfveggur, sami og [320].	23,04,2025	SÓ
321	Toft_213_42	J (D)	Grjóthleðsla, fóðring í kjallara sama og [308].	23,04,2025	SÓ
322	Toft_213_42	J (D)	Skurður fyrir kjallara, sami og [307].	23,04,2025	SÓ
323	Toft_213_42	J (D)	Sama eða sambærilegt og [310].	23,04,2025	SÓ
324	Toft_213_42	J (D)	Gjóskuslitrur frá Kötlu 1500 sem ekki sjást í vestursniði.	23,04,2025	SÓ
325	Toft_213_42	J (D)	Sama eða sambærilegt og [315].	23,04,2025	SÓ

Gripaskrá

Ártal	Þjms.nr.	Gripanr.	Fund-arnúmer	Eining	Svæði	Efni	Efni-undir-flokkur	Tegund	Lýsing	Fjöldi	Dagsetning	ID	Skráning	Fargað
2025	2025-16	1	2025-16-01	-	Skurður 2	Málmur	Álblanda	Fata	Fata með vírhandfangi, beygluð en heilleg.	1	25.04.2025	SÓ	JVG/KV	já
2025	2025-16	2	2025-16-02	-	Skurður 2	Málmur	Járn	Vír, gjörð, festing	Járngjörð, snúinn járnvír, töföld járnfesting eða tvöföld járnhosa.	4	25.04.2025	SÓ	JVG/KV	já
2025	2025-16	3	2025-16-03	-	Skurður 2	Steinefni	Asbest	Bygging-arefni	Brot af bárulaga asbestplötu.	4	25.04.2025	SÓ	JVG/KV	já
2025	2025-16	4	2025-16-04	-	Skurður 2	Bein	Dýrabein	Dýrabein	OVCA bein, lumbar, tibia, scalpula, vinstri kjálki (mandible).	4	25.04.2025	SÓ	JVG/KV	já
2025	2025-16	5	2025-16-05	-	Skurður 2	Plast	Frauðplast, hart plast	Plast	Hvítt frauðplast, hluti af plastdúk, ferkantað plastspjald með gati í einu horni.	5	25.04.2025	SÓ	JVG/KV	já
2025	2025-16	6	2025-16-06	-	Skurður 2	Gler	Ílátsgler	Flaska	Fölgrænt brot, flaska.	1	25.04.2025	SÓ	JVG/KV	já
2025	2025-16	7	2025-16-07	-	Skurður 2	Viður	Viður	Unninn viður	Unninn viður, tvö brot.	2	25.04.2025	SÓ	JVG/KV	já
2025	2025-16	8	2025-16-08	-	Skurður 2	Leður	Leður	Skór	Partur af skó, yfirleður, saumför meðfram hliðum.	1	25.04.2025	SÓ	JVG/KV	já
2025	2025-16	9	2025-16-09	313	Skurður 3	Gler	Ílátsgler	Ilmvatnsglas	Heilt ilmvatnsglas, Lancome - Climat (kom á markað 1967)	1	25.04.2025	JVG	JVG/KV	já
2025	2025-16	10	2025-16-10	313	Skurður 3	Gler	Ílátsgler	Lyfjaglas	Lyfja-ampúlur, tvær glerflöskur með brotsár við flöskuhálsinn, önnur með svörtum merkingum en hin með bláum: „INJECTABILE ASCORBICUM 10%“ (C-Vítamín). Framleiðandi Iðunnar Apótek.	2	25.04.2025	SÓ/ JVG	JVG/KV	já
